

Margræð orð -Hugmyndabanki-

Námsefni:

- Lærum og leikum með hljóðin.
- Ljáðu mér eyra.
- Lubbi finnur málbein.
- Sögugrunnur.
- Orðaspjall.
- Hugur og fluga.



Bækur/lestur:

- Lesa alla daga.
- Virkur lestur – taka orð úr texta.
- Vinna með stutta texta.
- Lestur – vekja athygli á margræðum orðum í texta.
- Lesa fyrir börn, spyrja út úr bókinni og hvað ákveðin orð þýða, útskýra merkingu orða. Gera þetta alla daga.
- Lestrarstund að morgni, hægt að vinna með ákveðin orð – hæsta stigs. Eitt orð á dag eða viku. Fá foreldra í samstarf og vinna með orðin heima.
- Bækur milli heimilis og skóla.
- Margræðar orðasögur.
- Nota samheitaorðabók.
- Finnur finnur rúsínu.

Ljóð/þulur/vísur:

- Staldrá við margræð orð í bókum, þulum og söngvum.
- Notað ljóðabækur Þórarins Eldjárns.

Spil:

- Myndrænt t.d. myndalottó – samstæðuspil með margræðum orðum.
- Myndabingó.
- Bingó – Hugur og fluga.
- Búa til myndaspil þar sem para á margræð orð s.s. eldunarpottur/heitur pottur, drykkjarkanna/að kanna eitthvað.

Leikir:

- Orðaormur – safna orðum og búa til myndavegg.
- Brandarar um margræð orð s.s. er (ljósa) pera í matinn?
- Orðaspjall – finna fleiri orð sem eru eins en tákna ekki það sama.
- Vinna með eitt orð og reyna að finna önnur sem þýða það sama.
- Hafa í poka/kassa litla hluti sem eru ólíkir en bera sama orð t.d. box (íþrótt)/box (matarbox).
- Koma með orð að heiman sem tákna það sama.
- Hafa hlutina áþreifanlega t.d. vasi – vasi.

Samræður:

- Nota fjölbreytilegan orðaforða í daglegu starfi.
- Virkar samræður.
- Daglegt spjall/ræða við börn.
- Fjölbreytilegt orðaval.
- Tala litskrúðugt mál – útskýra fyrir börnunum – nýta orð úr bókum og umhverfi.
- Bullsögur – samræður barnanna um þær.
- Lestur – ræða orð og bjóða upp á spurningar.
- Orðaspjall – taka út orð og útskýra merkingu þess og ræða um það.
- Orð vikunnar.
- 10 mín. reglan en hún felur í sér að hver starfsmaður á deildinni gefi börnum 10 mínútur á dag í spjall og merki við á viðeigandi blað. Þannig að ef 5 starfsmenn eru á deildinni þá fær barnið allavega 50 mín. á dag í spjall sem hægt er að útbúa eftir þörfum hvers og eins.
- Vekja athygli á að sum orð hafa fleiri en eina merkingu t.d. diskur – matardiskur, geisladiskur, gervihnattardiskur.
- Vekja athygli á orðum sem geta bæði verið nafn og hlutur s.s. Bolli, Steinn.
- Hugarkort – t.d. orðið vasi = blómavasi, buxnavasi, jakkavasi o.s.frv.
- Umræður um veður.
- Tússtafla – teikna myndir og ræða orðin.
- Í forstofunni – benda á t.d. stígvél/þvottavél.
- Skoða myndir s.s. nagli (sterkur strákur) – nagli (stálnagli).
- Safna saman margræðum orðum heima, koma með í leikskólann og ræða um þau.
- Ræða orðatiltæki s.s. kveikja á perunni.
- Ræða málshætti og merkingu þeirra.

Umhverfið:

- Vasateppi.
- Sífelld endurtekning.
- Vinna með margræð orð í öllu daglegu starfi.

Annað:

- Útskýra fyrir foreldrum hvernig verið er að vinna með þennan þátt.
- Útbúa upplýsingar fyrir foreldra um hvað þeir geta gert.
- Þemavinna – dýpka sig.